

Nd.

175. Frumvarp til laga

um framkvæmd viðgerða á íslenskum skipum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Eigendur íslenskra skipa skulu skyldir að láta framkvæma allar viðgerðir á skipum sínum hér á landi, með þeim undantekningum og skilyrðum, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ef skip bilar í hafi, en er þó sjálfrátt ferða sinna, skal sigla því til íslenskrar hafnar til viðgerðar, nema svo sé ástatt, að öryggi skips og áhafnar þyki betur borgið með því að halda skipinu til erlendrar hafnar.

3. gr.

Þær einar smiðjur mega taka að sér viðgerð stórskipa, sem fá til þess sérstaka löggildingu. Um löggildingu þessa fer eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur um það efni.

4. gr.

Ef engin löggilt skipasmiðja getur tekið að sér viðgerð á skipi, þá er eiganda skipsins frjálst að sigla skipinu til annars lands hafnar og fá þar viðgerð.

5. gr.

Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða vátryggjandi láta fram fara viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fái hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við héraðs skipasmiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands til viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms.

6. gr.

Gerðardómur, sem nefudur er í 5. gr., skal skipaður þannig:

Eigandi skips eða umboðsmaður hans tilnefnir 1 mann í dóminn, vátryggjandi skipsins tilnefnir 1 mann. Félag járníðnaðarmanna í Reykjavík tilnefnir 1 mann og forstjórar löggiltra skipasmiðja tilnefna í sameiningu 1 mann, en skipaskoðunarstjóri ríkisins er sjálfkjörinn oddamaður.

Gerðardómur skal hraða úrskurði sínum svo sem verða má, að sem minnst um tölum valdi eða бага fyrir skipseigendur.

7. gr.

Ef forstjóri löggiltrar skipasmiðju lítur svo á, að misbeitt hafi verið ákvæðum 2. gr., getur hann kært yfir því til lögreglustjóra, Telji lögreglustjóri, að ekki sé um skýlaust lögbrot að ræða, visar haun málinu til gerðardóms, er um getur í 5. gr.

Stjórn fél. járníðnaðarmanna í Reykjavík hefir sama rétt sem forstjóri skipasmiðju til þess að kæra yfir meintu broti í þessu efni.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið í samráði við nefnd frá járníðnaðarmönnum og var upphaflega ætlazt til, að það yrði lagt fyrir síðasta Alþingi. en úr því varð ekki.

Frá þeim tíma er frumvarpið var samið og þar til nú hefir ýmislegt gerzt, sem styrkir þá kröfu, að viðgerðir skipa færast að mestu inn í landið sjálft og verði framkvæmdar af landsmönnum.

Um 1. gr.

Greinin ber það ótvírætt með sér, að viðgerðir á íslenskum skipum skuli framkvæmdar héraendis undir öllum venjulegum kringumstæðum. Til stuðnings þessari kröfu, sem greinin felur í sér, er rétt að taka fram eftirfarandi:

a) Eitt af þeim alvarlegustu viðfangsefnum, sem hafa verið og eru, er atvinnuleysið í landinu, og þá að sjálfsögðu einnig meðal járníðnaðarmanna, og að því athuguðu virðist ofanefnd krafa sjálfsögð og eiga fyllsta rétt á sér. En við það, að öll sú vinna, er að skipavirðgerðum lýtur, yrði framkvæmd hér heima, þá myndi atvinna meðal járnsmiða aukast meira en að hálfu frá því, sem nú er. Auk þess myndi það leiða til mikillar atvinnuaukningar á öðrum sviðum, svo sem hjá trésmiðum, málurum, rafvirkjum og fleirum.

b) Þá er vert að taka það fram, að á þessum tímum, þegar svo mjög þrengir að með erlendan gjaldeyri, ber að veita því athygli, hve mörg hundruð þúsunda króna fara út úr landinu fyrir innkeypta vinnu, sem með fullum rétti má segja, að hægt væri að framkvæma héraendis og þannig spara sér erfiðleika og kostnað, sem yfirfærslurnar þafa í för með sér.

c) Því hefir verið haldið fram af ýmsum, að héraend skipaviðgerðarverkstæði væru ekki samkeppnisfær við hliðstæð erlend fyrirtæki. Þar til er því að svara, að á síðari árum hefir orðið stórfelld breyting til bóta í því efni, og má þar til nefna: hinar nýju dráttarbrautir, fullkomnari verkfæri til botnviðgerðar, auk þeirra tækja, sem fyrir voru. Í þessu sambandi skal einnig geta þess, að ýmsir dómbærir menn, svo sem vélstjórar, skipstjórar o. fl., halda því fram, að héraendir verkamenn í þessari iðngrein séu engir eftirbátar starfsbræðra sinna erlendis hvað vinnuafköst eða kunnáttu snertir.

d) Að lokum er vert að benda á það, að þegar öll viðgerðavinna við íslensk skip er komin í hendur landsmanna, myndi það mjög ýta undir frekari framkvæmdir í þessari iðngrein, og að líkindum skapa möguleika til nýiðnaðar á ýmsum sviðum. Mætti þar nefna t. d. smíði á smærri mótörvélum, ýmiskonar lýsisvinnsluvélum, smærri gufukötlum, geymum (tönkum) fyrir allskonar vökva, vindum í smærri skip og báta, dragnótarvindum, linuvindum, stoppmaskinum, dælum (pumpum) af ýmsum gerðum og stærðum. Ennfremur má nefna margskonar tæki til fiskiveiða handa botnvörpum og smærri skipum, einnig ýmiskonar landbúnaðarvélar og verkfæri, og margskonar áhöld handa hinum ýmsu iðngreinum landsins, sem og þeim, er upp kunna að risa í landinu.

Margt fleira mætti telja upp, en til þess virðist ekki ástæða í þessari greinargerð.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér þær undanþágur, sem nauðsynlegar eru til öryggis skipum og áhöfn. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 3. gr.

Um leið og allar skipaviðgerðir eru framkvæmdar í landinu, er það nauðsynlegt, að þeir einir hafi þær með höndum, sem til þess eru fullkomlega færir, bæði hvað verkfæri og kunnáttu áhrærir, og þar með tryggja það, að verkþiggjandi hafi ekki ástæðu til tortryggni eða athugasemda um það, hvernig verkið er af hendi leyst.

Um 4. gr.

Þótt hér sé talað um viðgerðir, sem ekki sé hægt að framkvæma bérlandis, er samt sem áður óhætt að fullyrða, að slíkt getur tæplega komið til greina, nema um sé að ræða endurnýjun á aðalvél eða gufukatli, og þó hafa allstórfelldar endurbætur verið framkvæmdar á þessu hvorutveggja hér, og með góðum árangri.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 8. gr.

Til þess að fyrirbyggja tillmeigingar til brota á lögum þessum, þótti rétt að setja þessi refsiakvæði, og þar sem talað er um, að þyngri hegning geti átt sér stað, er átt við óforsvaranlegt kæruleysi, ofdirfsku, fullt ofurkapp og gáleysi, hvar af hlotizt geti tjón, bæði á mönnum og skipi. Nánari skýringa virðist ekki vera þörf.